

Umhverfis og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur Sigurjóns.

Tjamargötu 12

260 Reykjanesbær

Körfuknattleksdeild Njarðvíkur UMFN hefur í um aldarfjórðung selt auglýsingar á auglýsingaskilti á horni Reykjanesvegs og Hafnarbrautar í Njarðvík, það skilti sem lengi hefur verið kallað „Ramma-skiltið“, staðið þar líklega síðan 1983.

Fer deildin nú fram á að setja upp svo kallað „strætóskýli“ Led ljósaskilti á umræddan auglýsingaflöt. Hefur deildin trausta auglýsendur sem hafa sýnt því áhuga að auglýsa á skiltinu. Ekki þarf að hafa mörg orð um að allar tekjur eru nauðsynlegar í rekstur íþróttafélaga um þessar mundir.

Mun körfuknattleksdeildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt eftir varðandi reglur og reglugerðir sem snúa að slíkum auglýsingaflötum, enda hefur UMFN áratugareynslu af fletti og Led ljósaskilti á Fitjum, og má segja að UMFN séu með brautryðjendum hér á landi í að nýta sér þennan háttinn í fjáröflun fyrir íþróttastarfsemi félagsins.

Reykjanesbæ 30. Apríl 2023

Jón Einarsson

Fh. Körfuknattleksdeild UMFN

